

78. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Minjasafninu á Hnjóti í Örlygshöfn fimmtudaginn 16. september 2010 kl. 17.00.

Mættir : Magnús Ólafs Hansson, Björgvin Sigurjónsson, Egill Ólafsson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir safnvörður.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

**Dagskrá:**

1. Skoðunarferð í geymslur safnsins
2. Bréf frá Safnaráði
3. Bréf frá Byggðasafni Vestfjarða
4. Ráðningarsamningur við safnstjóra
5. Önnur mál

Magnús Ólafs setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Hann óskaði eftir að leiðrétt verði að fundargerð fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar að sá fundur var númer 77 en ekki númer 76 eins og fundargerðin var afgreidd.

Þá afhenti Magnús stjórnarmönnum safnalög nr. 106 frá 31. maí 2001, ásamt drögum að sýningarstefnu og safnastefnu og söfnunarstefnu sem samþykkt var á fundi stjórnar 28. desember 2008 fyrir minjasafnið á Hnjóti og bað þá að kynna sér þau.

**Hér var gengið til dagskrár.**

1. Safnstjóri sýndi stjórnarmönnum húsnæði þar sem safnmunir eru geymdir í Örlygshöfn. Um er að ræða skemmu á Hnjóti í eigu Kristins Þórs Egilssonar og Hvammsholt í eigu Minjasafnsins.
2. Safnstjóra falið að skila tilskyldum atriðum, sem fram koma í bréfinu, til stjórnar fyrir 15. okt. nk.
3. Í ljósi sameiginlegs eignarhalds yfir björgunarskútu Vestfirðinga Maríu Júlíu, óskar Byggðasafn Vestfjarða eftir þátttöku frá Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti, við að framkvæma úttekt á rekstrarmöguleikum skipsins eftir endurbætur sem er í bígerð á næstu misserum. Byggðasafn Vestfjarða hefur ákveðið að greiða Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða 500.000 kr. fyrir þessa vinnu og óskar hér með eftir sama fjárframlagi frá meðeiganda sínum Minjasafni Egils Ólafssonar. Stjórnin samþykkir að greiða Atvest sömu upphæð á móti Byggðasafni Vestfjarða úr séreignasjóði safnsins.



4. Formanni falið að leggja fram nýjan ráðningarsamning fyrir næsta fund stjórnar.

5. Önnur mál

- a. Stefnt verði að nýrri uppfærslu á heimasíðu safnsins í vetur og formanni falið að afla kostnaðaráætlunar vegna þess.
- b. Stefnt verði að því að nýtt vatnsinntak í Minjasafnið úr borholu á Hnjóti verði afgreitt fyrir októberlok nk.
- c. Öryggisþáttum er lúta að brunavörnum á safninu verði komið í lag að höfðu samráði við slökkviliðsstjóra Vesturbyggðar.
- d. Formanni stjórnar Minjasafns Egils Ólafssonar er falið að hafa samband við stjórn Bátasafns Breiðafjarðar vegna allra báta á Minjasafninu, að undanskildum Golu sem er á gamla hluta safnsins, vegna framtíðar varðveislu þeirra á Bátasafninu.
- e. Lagt er til að safnvörður leiti eftir tilboðum í málningu og vinnu á safnahúsinu fyrir komandi sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40.

Agnis Ólafssonar  
Björn S. Sigmundsson  
Eyðá Ólafsson.